

AUGLÝSING

um frestun á gildistöku reglugerðar fjármálaráðuneytisins nr. 94/1970
um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

Ráðuneytið tilkynnir hér með að gildistöku reglugerðar nr. 94/1970, um innheimtu þungaskatts o. fl., er frestað.

Í júlímánuði skal leggja þungaskatt á bifreiðar, sem falla undir c-lið 3. gr. téðrar reglugerðar þannig, að skatturinn verði $\frac{1}{12}$ árlegs þungaskatts, sbr. b-lið 87. gr. vegalaga nr. 23/1970. Þungaskatt af bifreiðum þessum skal innheimta um leið og innheimta þungaskatts fer fyrst fram skv. öikumæli, þ. e. um mánaðamótin september—október n.k.

Fjármálaráðuneytið, 25. júní 1970.

F. h. r.

Björn Hermannsson.

Dorsteinn Ólafsson.

29. júní 1970.

Nr. 131.

AUGLÝSING

um, að Norðurlandasamningur um almannaskráningu taki til Færeyja.

Með samkomulagi yfirstjórna almannaskráningar í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð hefur verið ákveðið, að samningur um almannaskráningu milli þessara ríkja skuli frá og með 1. júlí 1970 taka til Færeyja (sbr. 2. málsg. 7. gr. í Norðurlandasamningi, sem undirritaður var í Osló hinn 5. desember 1968, og birtur er sem fylgiskjal með auglýsingu utanríkisráðuneytisins, nr. 2 24. febrúar 1969).

Samkvæmt þessu er hér með tilkynnt, að ákvæði auglýsingar nr. 178 22. september 1969, um almannaskráningu við flutninga milli Íslands og annarra Norðurlanda, taka til Færeyja frá og með 1. júlí 1970.

Hagstofa Íslands, 29. júní 1970.

F. h. r.

Kl. Tryggvason.

Ingimar Jónasson.

9. júlí 1970.

Nr. 132.

AUGLÝSING

um breytingu nr. 2 við Lyfjaverðskrá III. Dýralyf, A. Lyfjaefni
og samsetningar, frá 15. október 1965.

Frá og með 25. júlí 1970 gengur í gildi breyting nr. 2 við Lyfjaverðskrá III. Dýralyf, A. Lyfjaefni og samsetningar, frá 15. október 1965, útgefin í dag.

Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið, 9. júlí 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.